

Háskóli Íslands
Hugvísindasvið
Íslenska sem annað mál

Pólsk þýðing á hluta bókarinnar
Afleggjarinn
eftir Auði Övu Ólafsdóttur
og greinargerð

Ritgerð til B.A. - prófs í Íslensku sem öðru máli

Małgorzata Maria Radkowska

Kt.: 040174-2819

Leiðbeinandi: María Anna Garðarsdóttir

Mái 2018

ÁGRIP

Þetta verkefni er lokaritgerð á BA-stigi í íslensku sem annað mál við Háskóla Íslands. Ritgerðin er pólsk þýðing á nokkrum köflum úr bókinni *Afleggjarinn* eftir Auði Övu Ólafsdóttur.

Verkið skiptist í tvo hluta. Fyrri hlutinn inniheldur þrjú kafla. Fyrsti kafli svarar almennum spurningum um hvað þýðing er og af hverju hún er mikilvæg, hvað felst í hugtakinu jafngildi, einnig er farið í helstu þýðingaraðferðir. Þar er gerður greinarmunur á aðferðum Roman Jakobson og Friedrich Schleiermacher. Annar kafli er umfjöllun um höfundinn og verkið. Í þriðja kafla er sagt frá helstu vandamálum, bæði málfræðilegum og menningarlegum, sem komu upp við þýðingu úr íslensku yfir á pólsku.

Annar hluti er pólsk þýðing á textabroti úr bókinni *Afleggjarinn*.

EFNISYFIRLIT

Inngangur	4
1. Kafli: Þýðingarhugtök og aðferðir	5
1.1 Þýðingar og þýðingaraðferðir	
1.2 Roman Jakobson og Friedrich Schleiermacher	
1.3 Jafngildi	
2. Kafli: Höfundur og verk	10
2.1 Höfundur	
2.2. Verk	
3. Kafli: Þýðingarferlið og vandamál við þýðingu	12
3.1 Þýðingarferlið í skrefum	
3.2 Um stíl bókarinnar og textann sem heild	
3.3 Persónufornöfn	
3.4 Mannanöfn	
3.5 Forsetningar	
3.6 Ákveðinn greinir	
3.7 Orðasambönd, orðatiltæki og málshættir	
Lokaorð	20
Heimildaskrá	21
Pólsk þýðing á blaðsíðum 51-71 úr bókinni <i>Afleggjarinn</i>	23

INNGANGUR

Þýðingar, í hvaða formi sem er, eru stór hluti af daglegu lífi margra. Með auknum alþjóðaviðskiptum, fjölmennigarlegum samskiptum, sífellt vaxandi ferðapjónustu í mörgum löndum og áhuga fólks á mismunandi menningarheimum, heldur eftirspurn eftir þýðingum að vera meiri og meiri.

Hingað til hafa ekki margar íslenskar bækur verið þýddar yfir á pólsku. Meðal þeirra sem er búið að þýða eru nokkur verk eftir Yrsu Sigurðadóttur, Arnald Indriðason, Stefán Mána og einnig fáeinar Íslendingasögur. Sum af ofantöldum verkum hafa verið þýdd beint af íslensku en önnur af öðrum tungumálum, oftast af Norðurlandamálum.

Skáldsagan *Afleggjarinn* var gefin út árið 2007 og er margverðlaunuð bæði hérlendis sem og erlendis. Engar bækur eftir Auði Övu Ólafsdóttur hafa verið þýddar á pólsku, því er þetta tilvalið tækifæri til að kynna þessa áhugaverðu bók fyrir pólskum lesendum og sýna hvað íslenskar bókmenntir hafa upp á að bjóða.

Í dag búa næstum því 10 þúsund Pólverjar á Íslandi og margir pólskir ferðamenn koma hingað til landsins, sumir þeirra munu efalaust hafa gaman af því að lesa íslenskar bókmenntir á móðurmáli sínu.

Tilgangur með þessari ritgerð er ekki aðeins þýðingin sjálf, heldur einnig að kynna höfundinn og sýna mun á tveim ólíkum menningarheimum, pólskum og íslenskum.

Ritgerðin skiptist í fjóra kafla. Fyrsti kafli um hugtakið „þýðingar“ og þýðingaraðferðir samkvæmt Roman Jakobson og Friedrich Schleiermacher. Næst er rætt um hugtakið „jafngildi“ og ýmsar kenningar tengdar því, meðal annars kenningar Eugene Nida.

Í öðrum kafla er sagt frá höfundinum, Auði Övu Ólafsdóttur, störfum sem hún gegnir og hefur gegnt, verkum hennar og einnig verðlaunum sem hún hefur fengið. Í seinni hluta annars kafla er rætt um bókina *Afleggjarinn*, þar á meðan titil hennar og innihald.

Þriðji kafli um þýðingarferlið sjálft og helstu vandamál sem komu upp við þýðingu úr íslensku yfir á pólsku. Mörg atriði reyndust erfið að þýða eins og: mannanöfn, eignarfornöfn, ákveðinn greinir, forsetningar og orðasambönd.

Í seinni hluta ritgerðarinnar er pólsk þýðing á blaðsíðum 51-71 úr bókinni *Afleggjarinn*.

1. Þýðingar og þýðingaraðferðir

1.1 Hvað er þýðing?

Að þýða er nauðsynleg athöfn til þess að hópar sem hafa mismunandi tungumál geti átt í samskiptum við hvorn annan vegna mismunandi ástæðna, s.s. pólitískra, menningarlegra, efnahagslegra og félagslegra. Almennt felst þýðing í því að yfirfæra ritað eða talað mál úr einu málkerfi yfir á annað (t.d. úr íslensku yfir á pólsku), eða innan sama málkerfis í öðru formi (t.d. umorðun).

Orðið *transfero* á latínu er sagnorð og merkir „að færa eitthvað yfir“, „trans“ merkir ‘yfir’ og „ferre“ ‘að bera’. Frá þessu latneska orði kemur orðið „translate“ á ensku en í öðrum tungumálum er notast við tökuþýðingu. Tökuþýðing er „nýyrði búið til og sniðið eftir erlendu orði“¹ T.d. þýðir þýska orðið *übersetzen* „að setja eitthvað yfir“, sama á við um sænska orðið *översättning*.²

Þýðingarferlið getur verið erfitt og mismunandi í hvert skipti sem þýtt er, vegna þess að það eru margar textategundir, mismunandi markhópar og þýðingaraðferðir. Sumir þýða frá orði til orðs, en aðrir vinna við snörun. Snörun snýst um að segja aðeins frá helstum atriðum. Tegund texta t.d. biblíutexti, bókmenntatexti eða nytjatexti, skiptir líka máli við val á þýðingaraðferðum. Þýðendur hafa einnig mismunandi markmið.

Fyrir mörgum árum síðan var byrjað að greina á milli tveggja tegunda þýðinga. Fyrri tegundin eru þýðingar grundvallaðar á orðinu sem einingu, þar er þýtt orð fyrir orð. Hin tegundin eru þýðingar grundvallaðar á merkingu, en sú tegund einkennist af því að koma nákvæmlega sömu merkingu til skila, ekki endilega með sömu orðum. Deilur um hvor aðferðin er „rétt“ hafa staðið lengi yfir. Margir fylgjendur „merking fyrir merkingu“ aðferðarinnar hafna samtímis „orð fyrir orð“ aðferðinni, og öfugt.

1.2 Roman Jakobson og Friedrich Schleiermacher

Í gegnum tíðina hafa fjölmargir fræðimenn fjallað um þýðingar. Roman Jakobson og Friedrich Schleiermacher eru þekktir fyrir kenningar sínar og vangaveltur tengdar því viðfangsefni.

Roman Jakobson (1896 – 1982) var áhrifamikill rússneskur málfræðingur á hugvísindasviði á 20. öld. Helstu viðfangsefni sem hann fékkst við voru á sviði

¹ *Íslensk orðabók* 200: 1631.

² Jón G. Friðjónsson 2006: 1.

bókmenntafræðinnar, málvísinda og einnig táknfræðinnar.³ Jakobson vildi nálgast rannsóknir á tungumáli út frá því grundvallarhlutverki þess að koma upplýsingum milli mælenda. Boðmiðlunarlíkan hans er ein af þeim þekktustu. Samkvæmt henni þarf samhengi, kóði og boðrás að vera til staðar svo að mælandi (sendandi) geti komið skilaboðum til viðmælenda (viðtakanda).⁴ Í greininni „Um málvísindalegar hliðar þýðinga“ sannreynði Jakobson „að enginn geti skilið orðið „ostur“ nema hann hafi komist í tæri við þá merkingu orðsins sem það hefur fengið í orðasafni tungumálsins.“ Jakobson gerir greinarmun á milli þriggja gerða þýðinga, en þær eru eftirfarandi:

- 1) Intralingual translation (e. rewording) – er hugtak yfir þýðingu innan sama málkerfis, eða með öðrum orðum „umorðun“.⁵ Í þessu tilfelli er ekki þýtt yfir á annað tungumál, heldur sama tungumál en önnur orð eru notuð en í fyrstu útgáfu, formið getur verið öðruvísi eða ekki lengur sami tilgangur textans. Stundum þarf einnig að aðlaga sum fyrirbæri að nýjum aðstæðum eða öðrum tíma. Sem dæmi um slíka þýðingu má nefna: texta fyrir heyrnarskerta t.d.: í bíómyndum, þar sem heyrir hljóð eða tónlist, sem heyrandi heyrir en ekki heyrnarskertur. Nýjar þýðingar af klassískum bókmenntum eru einnig þýðingar innan sama málkerfis. Vegna þess að tungumálið breytist í gegnum árin og stundum jafnvel heilar setningar. Sem dæmi má nefna Biblíu á íslensku, Guðbrandsbiblíu frá árinu 1584 og Biblíu 21. aldar frá árinu 2007.
- 2) Interlingual translation (e. translation proper) – hugtak sem notað er um þýðingu á milli tungumála, eða svokölluð eiginleg þýðing, er túlkun á merkingu orða af einu tungumáli yfir á annað tungumál.⁶ Í þýðingum innan eins og sama tungumálsins eru samheiti ekki endilega jafngild orð, á sama hátt hefur orð yfir ákveðið fyrirbæri í tveimur tungumálum ekki endilega nákvæmlega sömu merkingu. Sem dæmi má nefna að „ostur“ á íslensku hefur ekki nákvæmlega sömu merkingu og ostur (r. syr) á rússnesku. Á íslensku á orðið ostur við um mismunandi tegundir af osti svo sem: gouda, smurostur, kotasæla, mozarella o.s.frv. Rússneska orðið ostur á hins vegar

³ Weissbort, Daniel og Ástráður Eysteinson 2009: 330.

⁴Jakobson 1989: 81.

⁵ Jón G. Friðjónsson 2006: 2.

⁶ Sama.

aðeins við um ost sem er látinn gerjast, því er kotasæla ekki talinn vera ostur í Rússlandi.⁷ Sem annað dæmi má taka enska orðið „hello“, en þar er ekki gerður greinamunur á því hvort svarað er í síma, eða talað við manneskju persónulega. Hins vegar, t.d. á ítölsku, myndi ekki ganga upp að nota sama orðið í báðum tilfellum. Þegar maður hittir einhvern, þá myndi maður segja „ciao“ sem þýðir „hæ“, en þegar svarað er í síma er sagt „pronto“ sem merkir í raun og veru „ég er tilbúinn til að tala við þig núna“.

- 3) Intersemiotic translation (e. transmutation) – eða umhverfing á íslensku,⁸ er þýðing á milli mismunandi táknkerfa.⁹ „Mállegum táknum er breytt í annars konar tákn til dæmis þegar saga er flutt sem látbragðsleikur eða þegar tungumál er þýtt á táknmál (heyrnarskerta).“¹⁰ Hérna er ekki aðeins einblínt á orðin heldur er áherslan lögð á skilaboðin í heild sinni sem þarf að miðla. Þýðandi einblínir þar af leiðandi meira á skilaboðin sem er miðlað í staðinn fyrir að beina sjónum að mállegum táknum sem á að miðla.

Friedrich Daniel Ernst Schleiermacher (1768–1834) var þýskur guðfræðingur og heimspekingur og starfaði sem prestur og prófessor við háskólann í Halle. Hann var frumkvöðull að nýju tímabili í heimspeki og er talinn faðir nútíma túlkunarfræði. Friedrich Schleiermacher starfaði einnig við þýðingar, og eitt af meistaraverkum hans er þýsk þýðing á verki Platons.¹¹

Samkvæmt Schleiermacher á þýðandinn að geta valið í vinnu sinni milli tveggja leiða: endursagnar / umorðunar (e. paraphrase) og endursköpunar / eftirlíkingar (e. imitation). Endursögn „leiðir hjá sér áhrif frumtextans á lesanda, sem og endursköpun, sem leitast við að endurskapa þau áhrif sem frumtextinn hafði á upphaflega lesendur, en virðir að vettugi eigindir frumtextans.“¹² Endursköpun býr til eftirmynd á annarri tungu sem samsvarar frummyndinni og „leitast við að endurskapa þau áhrif sem frumtextinn hafði á upphaflega lesendur.“¹³

⁷ Jakobson 2004: 175.

⁸ Jakobson 2004: 174.

⁹ Jón G. Friðjónsson 2006: 2.

¹⁰ Sama.

¹¹ Scharlemann 2006: 1

¹² Ástráður Eysteinnsson 1996: 76.

¹³ Sama.

Schleiermacher telur einnig að þýðandi geti valið á milli tveggja aðferða við hefðbundnar þýðingar, sem leiða saman tvo menn: færa lesandann til höfundarins eða öfugt – höfundinn til lesandans.

Fyrri aðferðin, þegar lesandinn er færður til höfundar, snýst um að lesandinn geti skilið og kynnst frumritinu. Þýðandinn þarf að ákveða hvernig hann geti hjálpað lesandanum að skilja frumritið. Höfundur er látinn í friði og lesandi er færður til hans. Höfundur og lesandi eru í raun og veru „í samskiptum“ í gengum þýðanda. Með vinnu sinni reynir þýðandi að auka vitneskju lesanda um ýmis fyrirbæri í frummáli, sem lesandinn er annars sennilega ekki kunnugur um. Þýðandi miðlar sömu mynd, sömu tilfinningum sem hann fékk vegna þekkingar sinnar á frummáli.¹⁴

Hin aðferðin, þegar höfundur er færður til lesandans er „jafnan réttlætt sem svo að þýðandinn leggi höfundinum til það mál sem höfundurinn hefði notað ef hann hefði frumsamið verk sitt á hinu nýja máli. Nokkur hefð var fyrir slíku viðhorfi“.¹⁵

Enn fremur Schleiermacher segir að það sé ekki hægt að blanda þessum aðferðum saman og styður þó fyrri aðferðina.¹⁶

1.3 Jafngildi

Fjölmarginir þýðingafræðingar hafa fjallað um hversu nákvæm þýðing úr frummáli yfir á markmál getur orðið. Eitt orð á íslensku, getur t.d. verið orðasamband á pólsku (fleiri en eitt orð). Það er því hluti af starfi þýðanda að ákveða hvort tiltekinn þýðing eða tjáning passar.

Ein frægasta kenning um jafngildi (*e. equivalence*), er kenning Eugene Nida (1914-2011), sem var bandarískur Biblíu og þýðingafræðingur.¹⁷ Hann er þeirrar skoðunar að engin tvö tungumál eru eins og því getur engin þýðing verið nákvæmlega eins og frumtexti. Samkvæmt honum felst jafngildi í því, að þýðandi reynir að senda frá sér boð á markmáli sem samsvara upphaflegum boðum á frummáli. Nida skilgreinir tvennskonar jafngildi: áhrifajafngildi (*e. dynamic*) og formlegt jafngildi (*e. formal*).¹⁸

¹⁴ Schleiermacher 2010: 10.

¹⁵ Ástráður Eysteinnsson 1996: 77.

¹⁶ Sama.

¹⁷ Weissbort, Daniel og Ástráður Eysteinnsson 2009: 346.

¹⁸ Ástráður Eysteinnsson 1996: 89-90.

Áhrifajafngildi leggur áherslu á „að setja viðtakandann í samband við hegðanamynstur sem ríkjandi eru í hans eigin menningarsamfélagi“. ¹⁹ Í þessari aðferð er mikilvægt að textinn á markmáli hafi sömu áhrif á lesanda og hann hefur á frummáli. Markmið þýðandans er að finna nánasta náttúrulega jafngildi frumtextans, svo lesendur sem þekkja ekki menningu frumtextans geti skilið hann. Dæmi um áhrifajafngildi eru Biblíuþýðingar.

Andstæða við áhrifajafngildi er formlegt jafngildi. Það snýst um að koma boðunum sjálfum til skila, bæði inntaki og formi. Formlegt jafngildi endurspeglar eiginleika frummáls, eins og: málfræði, setningafræði og orðaforða. ²⁰ Í þessari aðferð, gerir þýðandi oft glósur, sem útskýra fyrir lesanda fyrirbæri sem hann sennilega kannast ekki við og hjálpar honum að skilja menningu frummáls. ²¹ Dæmi um formlegt- og áhrifajafngildi eru eftirfarandi:

„For example, a novel could be translated with dynamic equivalence so that reads well, but in international diplomacy the exact original meaning may be very important, so formal equivalence could be more suited. Dynamic equivalence is useful when the original language is very different from the target language, making a more literal translation difficult to understand. The term „dynamic equivalence“ is usually used in the context of Bible translations. ²²

Ofantaldar aðferðir Nida eru aðeins tvær af fjölmörgum. Aðrir stuðningsmenn jafngildis greina einnig á milli fleiri mismunandi aðferða t.d. Werner Koller, en samkvæmt honum verður þýðandi að velja um að ná fullkomnu jafngildi eða sleppa jafngildi alveg. ²³ Annað dæmi er Anton Popovič og kenningar hans um málvísindalegt jafngildi (e. Linguistic equivalence), hagnýtt jafngildi (e. Paradigmatic equivalence), stílrænt jafngildi (e. Stylistic (e.translational) equivalence) og textalegt jafngildi (e. Textual (syntagmatic) equivalence). ²⁴

Sumir fræðimenn eru andstæðingar jafngildis, eins og t.d. Roman Jakobson en hann telur að ómögulegt sé að ná fullkomnu jafngildi milli tungumála, vegna þess að málfræði í tveim tungumálum getur aldrei verið eins.

¹⁹ Ástráður Eysteinnsson 1996: 91.

²⁰ Ástráður Eysteinnsson 1996: 90.

²¹ Nida 1964: 159.

²² Shabnam 2004: 2

²³ Ástráður Eysteinnsson 1996: 95.

²⁴ Bassnett-McGuire 2002: 33.

2. Höfundur og verk

2.1 Höfundur

Rithöfundur bókarinnar sem fjallað er um er Auður Ava Ólafsdóttir, fædd í Reykjavík árið 1958. Auður lærði listfræði í París og er listfræðingur að mennt.²⁵ Hún hefur starfað sem lektor í listfræði við Háskóla Íslands, skrifar leikrit og ljóðabækur, og semur texta fyrir vinsælu íslensku hljómsveitina Milkywhale.²⁶ Auður fjallar oft um listasögulegt efni í fjölmiðlum og setur jafnvel upp myndlistarsýningar. Hún hefur gefið út fimm bækur: *Upphækkuð jörð* (1998), *Rigning í nóvember* (2004), *Afleggjarinn* (2007), *Undantekningin* (2012) og *Ör* (2016).²⁷ Þrátt fyrir að hafa ekki skrifað nær því jafn margar bækur og aðrir frægir íslenskir höfundar, t.d. Yrsa Sigurðardóttir eða Arnaldur Indriðason, hefur Auður Ava hlotið verðlaun hérlendis og verið tilnefnd erlendis. Árið 2004 hlaut hún Bókmenntaverðlaun Tómasar Guðmundssonar fyrir bókina *Rigning í nóvember*, 2008 Menningarverðlaun DV og *Fjöruverðlaun* bókmennta kvenna bæði fyrir bókina *Afleggjarinn*. Nýlega, árið 2016, hlaut hún Íslensku Bókmenntaverðlaunin fyrir verkið *Ör*. Auður var einnig tilnefnd til Bókmenntaverðlauna Norðurlandaráðs árið 2009.²⁸ Bækurnar hennar hafa verið þýddar yfir á fjölmörg tungumál, en franska þýðingin á bókinni *Afleggjarinn* hefur sennilega vakið mestu athygli erlendis.

2.2. Verk

Afleggjarinn er margverðlaunuð skáldsaga sem kom út árið 2007. Hún hefur verið þýdd yfir á fjögur tungumál: dönsku, frönsku, spænsku og þýsku. Franska þýðingin eftir Catherine Eyjólfsson (2010) vakti mikla athygli erlendis og hefur fengið nokkur verðlaun. Árið 2010 fékk sú þýðing frönsku verðlaunin *Prix de Page* í flokki bestu evrópsku skáldsagna,²⁹ eftir að hafa verið á metsölulista þar í landi í fimm mánuði. Á frönsku ber bókinn heitið *Rosa Candina* og hefur Auður Ava oft verið spurð úti franska titilinn í viðtölum.

„*Frakkar völdu bókinni nýjan titil, nafnið á rósartegundinni sem söguhetjan mín ræktar, Rosa candida sem er líka heiti sem var notað um Maríu*

²⁵ mbl.is 2009.

²⁶ Jórunn Sigurðardóttir 2017.

²⁷ skald.is 2017.

²⁸ Sama.

²⁹ Sama.

guðsmóður í gömlum bókum. Í umfjöllun um bókina heimfæra Frakkar hugtakið „candide“ upp á sakleysi og hreinleika unga föðurins í bókinni og byggja um leið brú yfir í Candide eftir Voltaire“³⁰.

Bókin *Afleggjarinn* er ekki aðeins venjuleg saga um ungan mann sem leggur af stað út í heim með þrjá afleggjara, heldur leynast líka heimspekilegar spurningar um lífið, ástina og dauðann. Í bókinni fylgist lesandi með ferðalagi þessa unga manns í átt að fullorðinsárum, hvernig hann verður ábyrgari fyrir lífi sínu og dóttur sinnar. Sagan er fyrstu persónu frásögn frá sjónarhorni aðalpersónunnar sem heitir Arnljótur Þórir. Hann er 22ja ára gamall og býr með föður sínum og tvíburabroður. Móðir hans, Anna, lést í bílslysi þegar hann var 20 ára. Arnljótur minnst oft móður sinnar, saknar hennar, ímyndar sér hana í ýmsum aðstæðum og spáir í því hvað hún myndi gera. Það er mjög augljóst að hann og mamma hans hafa verið mjög nánin. Hann hefur mjög mikinn áhuga á plöntum, alveg eins og mamma hans. Arnljótur og faðir hans, Þórir, eru ósammála um margt. Þórir heldur að garðyrkja, aðaláhugamál sonar síns sé kvenlegt. Bókin sýnir mjög vel hlutverk kynjanna í nútímasamfélagi. Ungur maður Arnljótur, gerir ekki upp á milli hvort eitthvað sé karlmann- eða kvenlegt, hins vegar hefur pabbi hans, sem er gamall maður fastur í gamaldags viðhorfum, mjög sterkar skoðanir á því hvaða hlutverk og áhugamál hvort kynið eigi að hafa.

Mannanöfn í sögunni vekja mikla athygli. Aðalpersónan hefur mörg nöfn, m.a.: Arnljótur, Dabbi, Lobbi. Nöfn annarra persónanna tengjast öll kristinni trú, sem dæmi má nefna, Jósef bróðir sögumanns. Aðrar tilvísanir til trúar eru t.d. Pílagrímsvegurinn sem talað er um í kafla 16 og 17, en Pílagrímsferðir eru ferðir til heilagra staða. Það má segja að aðalpersóna sögunnar, Arnljótur, hafi verið í slíkri ferð, þegar hann fór í rósagarðinn, en fyrir hann var þetta heilagur staður.³¹

³⁰ Miðstöð íslenskra bókmennta 2018.

³¹ Auður Ava Ólafsdóttir 2012: 63.

3. Þýðingarferlið og vandamál við þýðingu

Í öllum þýðingum koma upp ýmis vandamál, bæði málfræðileg sem og menningarleg og er verkefni þetta engin undantekning frá því. Í þessum kafla verður fjallað um þýðingarferlið, hvað þarf að hafa í huga áður byrjað er á því og einnig vandamál sem komu upp við þýðingu á textabrotinu úr bókinni *Afleggjarinn*.

Vandamál við þýðingu geta verið af ýmsu tagi, svo sem: málfæðileg og menningarleg. Undirkaflar fjalla um þýðingarferlið sjálft, stíl bókarinnar, muninn á forsetningum, atviksorðum, persónufornöfnum og ákveðnum greini í íslensku og pólsku. Í síðasta undirkafla er einnig sagt frá nokkrum orðasamböndum og orðatiltækjum úr textabrotinu.

3.1 Þýðingarferlið í skrefum

Fyrsta skref í þýðingum er að átta sig á textategund frumtextans. Er textinn skýrsla, leiðbeiningar, bókmenntatexti, fræðitexti o.s.frv. Bókin *Afleggjarinn* er skáldsaga. Á bls. 51-71 er að mestu leyti einfaldur texti (ekki fræðilegur), með listrænum lýsingum. Í þessu textabroti eru einnig margar samræður. Næsta skref er textagreining, en í því felst að greina þætti bæði innan og utan textans. Samkvæmt Christiane Nord eru eftirfarandi þættir meðal þeirra þátta utan textans sem þarf að skoða: hver er sendandi og viðtakandi?, hver eru markmið og tilefni samskipta?, hvenær og hvar er textinn skrifaður?³² Sendandi boða er höfundurinn Auður Ava Ólafsdóttir. Viðtakendur eru í raun og veru allir sem kunna að lesa íslensku, þó aðallega unglingar og fullorðnir. Tilgangur bókarinnar er einfaldlega að vera lesendanum til skemmtunar og vekja ímyndunarafl hans, t.d. með táknum, vísunum í Biblíuna og listrænum lýsingum. Christiane Nord skilgreinir einnig þætti innan texta eins og inntak, bygging og formgerð, forþekking, orðaforði og setningagerð en rætt verður um þessa þætti nánar í kafla 3.1.³³

Annað sem þarf að hafa í huga við þýðingarferlið eru þýðingaraðferðir. Jón G. Friðjónsson bendir á þrjár leiðir eiginlegra þýðinga³⁴ sem eru:

- Orðrétt þýðing (e. metaphor), þýtt er orð fyrir orð og línu fyrir línu. Orðrétt þýðing er í raun og veru nákvæm endursögn á frumtexta.

³² Nord, Christiane 1988: 41.

³³ Sama.

³⁴ Jón G. Friðjónsson 2006: 9.

- Þýðing á grundvelli merkingar (e. paraphrase). Með þessari aðferð er þýtt merkingu fyrir merkingu. Þessi aðferð þróar eða breytir inntakinu en viðheldur merkingu frumtextans.
- Umorðun og endursögn (e. imitation). Í þessari aðferð er þýðandi „frjáls“ í vinnu sinni og „er ekki bundinn af frumtextanum né heldur leitast hann við að koma áferð eða stíl frumtextans til skila“

Aðferðir sem notaðar voru í þýðingu á blaðsíðum 51-71 úr bókinni *Afleggjarinn* eru: þýðing á grundvelli merkingar (sjá kafla 3.1), þýðingu á milli tungumála (e. Interlingual translation, sjá kafla 1.2) og færa lesandann til höfundarins (sjá kafla 1.2).

3.2 Um stíl bókarinnar og textann sem heild

Bókin *Afleggjarinn* er fyrstu persónu frásögn, byggð á tilfinningum og skoðunum aðalpersónunnar. Textinn á íslensku er hversdagslegur og enginn fræðilegur orðaforði notaður, því ætti almenn kunnátta í íslensku að vera nóg til að skilja textann. Ekki þarf neina sérstaka forþekkingu en sumar tilvísanir t.d. í Biblíuna geta verið óljósar fyrir þá sem ekki hafa lesið hana. Höfundurinn notar oft mjög listrænar lýsingar sem gæti stundum reynst erfitt að þýða yfir á pólsku og viðhalda ákveðinni stemmningu sem fylgir frásögninni. Sem dæmi má nefna eftirfarandi texta úr bókinni:

„Það sem kemur mér mest á óvart er að sjá vinkonu mína í fyrsta skipti án nærsýnisglæraugna, að sjá augun undir þykku glerinu. Það er eins og þau hafi aldrei komið undir bert loft, líkt og hún sé að frumsýna augun, án glæraugna gæti hún ekki verið naktari.“³⁵

Höfundurinn hefði einfaldlega getað sagt „ég hef aldrei séð hana án glæraugna“ og ekkert mikið meira en það, en í staðinn ákveður Auður Ava að nota listræna lýsingu. Sumar setningar eru jafnvel ljóðrænar eins og eftirfarandi veðurlýsing:

„Ég segi honum frá furðulegri skýjamyndum og hann segir mér að hann sé enn að norðan, stífur vindur og þykk flókasína.“³⁶

³⁵ Auður Ava Ólafsdóttir 2012: 55.

³⁶ Auður Ava Ólafsdóttir 2012: 51.

Setningarnar í bókinni eru oft langar, margar kommur til staðar og hægt er að finna fyrir einhverskonar óreiðu eða óskipulagi í textanum. Sem dæmi má nefna:

„Sjálfur hefði ég ekki haft burði akkúrat á þessum tímapunkti í lífi mínu, nýkominn úr botnlangauppskurði, til að ráðast í allt sem þarf til að kona skríði upp í rúm hjá manni.“³⁷

Oftast er einnig ólík orðaröð í pólsku og íslensku. Einfaldar setningar á íslensku samanstanda oftast af frumlagið, sagnorði og sagnfyllingu eða andlagi, í þessari röð.³⁸ Hins vegar er í pólsku vanalega sagnorð fremst, þar sem persónufornöfnum er oftast sleppt, en um það er hægt að lesa nánar í kafla 3.3 um persónufornöfn.

3.3 Persónufornöfn

Á íslensku eru oftast notuð persónufornöfn á undan sagnorðum eins og: ég fer, hann sagði, hún vildi. Á pólsku er persónufornöfnum á undan sagnorðum oftast sleppt, þar sem persónubeyging sagna gefur oftast til kynna um hvaða persónu er verið að tala. Í töflu 1 er hægt að sjá persónubeygingu sagnarinnar „að segja“ í þátíð, bæði á pólsku og íslensku.

Beygingin sem sýnd er í töflu 1 er í þátíð vegna þess að á íslensku er sagt t.d.:

- Hann segir: „farðu heim“.

Í þessu tilfelli er hægt að nota sögnina bæði í nútíð og þátíð á íslensku, eftir því hvort atburður er liðinn eða er að gerast núna, bæði er málfræðilega rétt. Hins vegar er ekki rétt að segja á pólsku „hann segir“ í nútíð í þessu tilfelli, bara „hann sagði“ gengur upp.

Á pólsku, hefur þessi sögn alltaf mismunandi beygingu í hverri persónu. Það er nóg að segja „powiedziała“ (ísl. sagði) ef maður vill segja „hún sagði“, það er óþarfi að bæta við „hún“ vegna þess að beygingin í 3 persónu eintölu í karlkyni, kvenkyni og hvorugkyni er ekki sú sama.

³⁷ Auður Ava Ólafsdóttir 2012: 55.

³⁸ Ásta Svavarsdóttir og Margrét Jónsdóttir 2009: 24.

Íslenska	Persónu- fornöfn	beyging	Pólska	Persónu- fornöfn	beyging
Eintala			Eintala		
1.persóna	Ég	sagði	1.persóna	Ég kk	powiedziałem
				Ég kvk	powiedziałam
2.persóna	Þú	sagðir	2.persóna	Þú kk	powiedziałeś
				Þú kvk	powiedziałas
3.persóna	Hann	sagði	3.persóna	Hann	powiedział
	Hún	sagði		Hún	powiedziała
	Það	sagði		Það	powiedziało
Fleirtala			Fleirtala		
1.persóna	Við	sögðum	1.persóna	Við kk	powiedzieliśmy
				Við kvk	powiedziałyśmy
2.persóna	Þið	sögðuð	2.persóna	Þið kk	powiedzieliście
				Þið kvk	powiedziałyście
3.persóna	Þeir	sögðu	3.persóna	Þeir kk	powiedzieli
	Þær	sögðu		Þær kvk	powiedziały
	Þau	sögðu			

Tafla 1. Beyging sagnarinnar *segja* á íslensku og sagnarinnar *powiedzieć* á pólsku.

3.4 Mannanöfn

Pólsk þýðing á bókinni er ætluð bæði Pólverjum sem búa á Íslandi sem og annars staðar í heiminum. Íslensk mannanöfn geta verið flókin og óskiljanleg fyrir Pólverja, þótt að þau væru aðlöguð að pólskri málfræði. Í textabrotinu sem þýddur var yfir á pólsku, er öllum mannanöfnum breytt í pólsk nöfn.

Samkvæmt Heimi Pálssyni og Höskuldi Þráinssyni eru mannanöfn vanalega ekki þýdd beint, nema ef merking þeirra skiptir máli fyrir innihald textans eða þýðinguna á markmáli.³⁹

Í töflunni fyrir neðan má sjá þýðingar á nöfnum sem koma fram á blaðsíðum 51-71:

³⁹ Heimir Pálsson og Höskuldur Þráinsson 1988: 27.

Íslensk nöfn	Pólsk nöfn
Pórgunnur	Teresa
Jósef	Józef
Dabbi	Dawidek (gælunafn á Dawid)
Porlákur	Tadeusz
Þröstur	Grzegorz
Tómas	Tomasz
Lobbi	Łukaszek (gælunafn á Łukasz)
Bogga	Bożenka (gælunafn á Bożena)

Tafla 2. Mannanöfn á pólsku og á íslensku

Nafnið Tómas á íslensku, samsvarar nafninu Tomasz á pólsku. Sama á við um Jósef (pól: Józef) og Davíð (pól. Dawid). Sum nöfn voru erfiðari að þýða, eins og gælunafnið Lobbi. Í þessari þýðingu, var nafnið Lobbi þýtt sem Łukaszek (gælunafn á Łukasz), en Łukasz á pólsku samsvarar Lúkas á íslensku. Ekki tókst að finna samsvarandi gælunafninu Lobbi og þess vegna var notast við annað nafn. Einnig voru notuð önnur nöfn í staðinn fyrir Þórgunnur, Þröstur og Bogga. Það getur líka verið flókið að átta sig á því að í bókinni *Afleggjarinn*, er aðalpersónan, Arnljótur, kallaður mörgum öðrum nöfnum. Í pólski þýðingu, á blaðsíðum 52 og 65 er þetta útskýrt frekar fyrir lesendum í neðanmálgreinum.

3.5 Forsetningar

Erfitt reyndist að þýða sumar forsetningar úr íslensku yfir á pólsku. Þessi orðflokkur er almennt minna notaður í pólsku en í íslensku. Forsetningar eru óbeygjanleg orð (smáorð) sem stýra falli, þ.e. valda því að fallorðið, sem þau stýra, stendur í aukafalli (þolfall, þágufall og eignarfall).⁴⁰ Forsetningar á pólsku stýra einnig föllum en ekki endilega sama falli og á íslensku.

Hér á eftir koma nokkur dæmi um vandamál sem komu upp við þýðinguna. Setningarliðurinn „Stúdentsmyndin af þér“⁴¹ var þýddur á pólsku sem „twoje zdjęcie” (ísl. Myndin þín). Í þessu tilfelli er ekki hægt að þýða orð fyrir orð. Bein þýðing á „twoje zdjęcie“ á íslensku hefur allt aðra merkingu en á pólsku, en þar er

⁴⁰ Jón G. Friðjónsson 1986: 9,31.

⁴¹ Auður Ava Ólafsdóttir 2012: 51.

um að ræða „mynd sem þú átt“ eða „mynd sem þú tókst/gerðir“ en ekki „mynd af þér“.

Annað dæmi um þýðingu á forsetningarlið er: „Ég var ekki einu sinni með stúdentshúfu þegar ég útskrifaðist“⁴² Þýðingin á pólsku er „Nawet nie miałem biretu na zakończeniu szkoły średniej.“, sem má þýða yfir á íslensku sem ‘Ég átti ekki einu sinni stúdentshúfu þegar ég kláraði menntaskólann.’ Í pólsku er forsetningin „með“ (pól. z) oftast notuð í forsetningarliðum með persónufornöfnum og eiginnöfnum eins og: með honum (pól. z nim), með Önnu (pól. z Anna) og hefur forsetningin þá merkinguna „að samfara“ eða „í fylgd með einhverjum“. Forsetningin er einnig notuð þegar talað er um hluti, en það er ekki eins algengt og á íslensku t.d.: „ég kom með blóm“, það er hægt að nota „með“ í þessu tilfelli (pól. przyszedłem z kwiatami), en flestir myndu sennilega segja „przyniosłem kwiaty“ sem þýðir „ég færði blóm“.

Á bls. 59 er eftirfarandi setning „mér líður ágætlega í beðum“.⁴³ Hún hljómar svolítið einkennilega á íslensku, en er alveg skiljanleg. Ef þessi setning væri þýdd beint á pólsku, myndi hún hljóma furðulega og það væri óljóst hvað væri verið að tala um. Í þessu tilviki var forsetningunni í skipt fyrir forsetninguna „meðal“ (pól. pomiędzy).

Á bls.60 er notað orðasambandið „að þakka fyrir sig“⁴⁴ í setningunni „Mér finnst ég líka þurfa að þakka fyrir mig...“. Á pólsku er ekki hægt að nota forsetningarliðinn „fyrir sig/mig“ á eftir eftir sagnorðinu „að þakka“. Það má hins vegar nota forsetningarliðin fyrir + nafnorð á eftir þessari sögn, t.d. „þakka þér fyrir hjálpina“ (pól. dziękuję Ci za pomoc) eða „þakka þér fyrir gjöfina“ (pól. Dziękuję Ci za prezent). Í þessu tilfelli var einfaldast að þýða þetta á pólsku sem „að þakka fyrir“ (pól. podziękować) og sleppa afturbeygða fornafninu „sig“.

3.6 Ákveðinn greinir

Ákveðin greinir er „áherslulítið ákvörðunarorð, notað til að tákna að nafnorð sé ákveðið“.⁴⁵ Í íslensku er bæði til viðskeyttur greinir og laus greinir. Laus greinir er þegar fornafninu „hinn“ í rétttri fallbeygingu og persónu er bætt við fyrir framan

⁴² Sama.

⁴³ Auður Ava Ólafsdóttir 2012: 59.

⁴⁴ Auður Ava Ólafsdóttir 2012: 60.

⁴⁵ Íslensk orðabók 2002: 329.

lýsingarorð sem stendur með nafnorði, t.d. hin fagra kona. Viðskeyttum greini er bætt við fyrir aftan orðin eins og maðurinn, stelpan, húsið. Í mörgum tungumálum er viðbættur greinir til staðar eins og í ensku (the), í þýsku (der, die, das), í spænsku (el,la) o.s.frv. en í pólsku er ekkert svipað ákvörðunarorð til, hvorki viðskeyttur né laus. Ef maður vill gefa til kynna að um einhvern ákveðinn hlut er að ræða, er ábendingarfornafninu „þessi“ í viðeigandi beygingu og persónu oft bætt við fyrir framan nafnorðið. Sem dæmi má nefna eftirfarandi setningu „Heitir hún eitthvað sérstakt, rósín?“⁴⁶ Hér er verið að spyrja um ákveðna rós, sem tilheyrir aðalpersónu bókarinnar. Þýðingin á pólsku er: „Czy nazywa się jakoś specjalnie, ta róža?“ (Ísl. Heitir hún eitthvað sérstakt, þessi rós?)

Ef frekari lýsing fylgir nafnorðinu eins og, „húsið til hægri“, „barnið á rennibrautinni“ eða „græna taska“, þá er ábendingarfornafnið „þessi“ ekki notað, vegna þess að það er nú þegar orðið augljóst hvaða hús, barn og tösku er verið að tala um. Sem dæmi má taka eftirfarandi setningu: „Plönturnar virðast líka pluma sig vel í gluggakistunni...“⁴⁷ Þessi setning á pólsku myndi hljóma: „Rośliny na parapecie wydawają się wzrastać - ...“ (Ísl. Plöntur á gluggakistunni virðast vera að vaxa). Hér er ljóst að það eru plönturnar í gluggakistunni sem verið er að tala um og því ekki nauðsynlegt að bæta við „þessar“.

3.7 Orðasambönd, orðatiltæki og málshættir

Málshættir, orðatiltæki og orðasambönd geta verið mjög erfiður partur af tungumáli, ekki bara fyrir þýðendur, heldur einnig fyrir heimamenn. Stundum er merking þeirra ekki augljós og leggjast þarf í mikla rannsóknarvinnu til að komast að niðurstöðum, á meðan önnur geta verið einföld og skýr. Það getur einnig komið upp á, að ekki er til samsvarandi orðasamband, orðatiltæki eða málsháttur í markmálinu. Samkvæmt Heimi Pálssyni og Höskuldi Þráinssyni er nauðsynlegt að gæta þess að þýða föst orðasamband og orðtök ekki lið fyrir lið í blindni heldur athuga hver raunverulega (óeiginlega) merkingin er og reyna að koma henni til skila, t.d. með því að finna heppilegan staðgengil.⁴⁸ Oft notar fólk orðasambönd og orðatiltæki daglega án þess að taka eftir þeim. Eftirfarandi orðasambönd úr textanum eru dæmi um nokkuð snúin orðasambönd sem reyndist erfitt að þýða:

⁴⁶ Auður Ava Ólafsdóttir 2012: 59.

⁴⁷ Auður Ava Ólafsdóttir 2012: 51.

⁴⁸ Heimir Pálsson og Höskuldur Þráinsson 1980: 45.

„Að koma einhverjum í opna skjöldu“ í setningunni „Það að vinkona mín skyldi koma fyrir heim kemur mér gjörsamlega í opna skjöldu og slær mig út af laginu“⁴⁹ merkir að koma einhverjum á óvart. „Slá út af laginu“ þýðir að „koma úr jafnvægi/trufla“. Þýðingin á þessari setningu á pólsku er: „To, że moja przyjaciółka przyszła wcześniej do domu, bardzo mnie zaskoczyło i wybiło mnie z rytmu“ sem þýða má á íslensku, orð fyrir orð, sem: „Það að vinkona mín kom fyrir heim, kom mér mikið á óvart og sló mig út úr taktinum“.

Annað dæmi er setningin „... það er ekki beinlínis hægt að henda reiður á því hvað hún er að hugsa“⁵⁰ „Að henda reiður“ þýðir að átta sig á einhverju. Þessi setning merkir að það er ekki hægt að átta sig á því hvað hún er að hugsa. Á pólsku: „ciężko jest wynioskować o czym myśli“ (ísl. Erfitt er að átta sig á því hvað hún er að hugsa“)

„Ég er enga stund að snara mér í buxurnar.“⁵¹ Á pólsku er ekki hægt að segja „enga stund“ í þessu tilfalli, í staðinn er mögulegt að nota „augnablik“ (pól.moment) eða „5 sekúndur“ (pól. 5 sekund). Þessi setning á pólsku hljómar: „Að klæða mig í buxur tók ekki nema 5 sekúndur“ (pól. założenie spodni zajęło mi pięć sekund).

Erfitt hefur reynst að þýða eftirfarandi setningu: „Og af því að ég hafði ekki lyst á morgunmat, hefði hún verið vís með að segja að ég væri að horast“.⁵² Það er ekki hægt að þýða beint á pólsku „að horast“, það er að sjálfsögðu mögulegt að segja „að léttast“ en það hefur ekki nákvæmlega sömu merkingu, það sem að „horast“ á íslensku hefur frekar neikvæða merkingu og gefur í skyn að einhver er of grannur t.d. oft vegna sjúkdóms eins og anorexíu. Á pólsku er til orðatiltæki: „jedz bo znikniesz“ sem merkir: „borðaðu, annars munt þú hverfa“. Þetta orðatiltæki gefur oft í skyn að einhver er mögulega aðeins of grannur eða að horast. Því var þetta orðatiltæki tilvalin þýðing á pólsku.

Þriðja dæmið er setningin „Pabbi kys að leiða hjá sér sumt af því sem ég segi við hann“⁵³ „Að leiða hjá sér“ þýðir að „sneiða“ eða „sniðganga“. Þessi setning merki að „pabbi kys að sniðganga sumt af því sem ég segi við hann“. Í þessu tilfalli á

⁴⁹ Auður Ava Ólafsdóttir 2012: 54.

⁵⁰ Auður Ava Ólafsdóttir 2012: 59.

